

Föstudagur 27. nóvember 2009

Ríkið Dubai á barmi gjaldþrots: Ekki er ólíklegt að seinni bylgja óróleka á fjármálamörkuðum sé hafin frá og með núna, því ríkið Dubai hefur stöðvað greiðslur af lánum sínum. Þetta var tilkynnt í gær. Sem afleiðing féllu vísitölur hlutabréfamarkaða kröftuglega hér í Evrópu í gær. Markaðir voru lokaðir í Bandaríkjunum vegna þakkargjörðarhátíðarinnar þar í landi. Skuldatryggingaálag Dubai fór úr 440 punktum í 500 punkta og fer enn hækkandi. Enginn banki þykist auðvitað hafa lánað dubaíska ríkinu neitt - og að greiðslustöðvunin eða jafnvel gjaldþrot ríkisins "*mun ekki hafa nein veruleg áhrif á okkar rekstur því við vorum ekki svo vitlausir að fjárfesta í loftköstulum*". Það voru auðvitað aðrir sem gerðu það. Einhver sem hefur heyrt þetta áður? Það var auðvitað enginn sem fjármagnaði stærsta byggingaverkefni sögunnar frá því pýramídar Egyptalands voru byggðir. 30.000 byggingakranar, eða 25% af kranagetu heimsins, var að störfum í Dubai. Þetta byggði sig auðvitað bara sjálft. Þetta gæti því miður verið fyrirboði um komandi bylgju greiðsluferfiðleika ríkja eða jafnvel greiðslufalla ríkissjóða.

Ekki er nóg að hafa evruna sem mynt. Það hjálpar Írum ekki núna, þvert á móti. Það sem fer fram innan í sjálfum hagkerfunum er hins vegar miklu og óendanlega mikilvægara en sjálf spurningin um hvaða mynt sé notuð innvortis í hagkerfinu. Þetta vita Írar mjög vel núna, því þeir eru nefnilega fastir um alla eilífð inni í sameiginlegum seðlabanka Þýskalands og Frakklands - og með alltof fáar evrur í rassvasanum. Þeir geta því miður ekki prentað fleiri svona evrur til að hafa í vösum sínum. Þeir hafa ekki lengur neinar peningaprentvélar og meiga heldur ekki skaffa sér neinar peningaprentvélar. Þeir meiga ekki neitt. En þeir hafa jafnvel ennþá færri fjárfesta sem vilja snerta á þeim fasteignum sem eru til sölu í landinu þeirra.

Til þess að lokka fjárfesta til að festa fé sitt í húsnæði á Írlandi núna, þurfa annað hvort sjálf verð fasteigna að falla um helming, eða þá að húsaleigan sem þeir innheimta af leigutökum þarf að tvöfaldast - og þá í evrum talið. Hvort er líklegra að muni gerast í 6,5% verðhjöðnun og 13% atvinnuleysinu á Írlandi núna? Er líklegt að laun hækki svo mikið á Írlandi núna að hægt sé að innheimta tvöfalt hærri húsaleigu af leigutökum? Að kaupmáttur Íra aukist svona mikið? Er hitt ekki frekar líklegra? Að það séu verðin sem þurfi að falla um helming svo fólk hafi efni á að greiða þá leigu sem fjárfestar þurfa að fá inn svo leigutekjur geti staðið undir fjárfestingum þeirra í þessu sama húsnæði?

[Independent](#).

Hvaða seðlabanki skyldi það nú hafa verið sem bjó til farveginn fyrir þá fasteignabólu sem myndaðist á Írlandi á undanförunum árum? Var það kannski seðlabanki Írlands? Eða var það sjálfur seðlabanki Evrópusambandsins (himnabankinn) sem bólugróf efnahag Íra með neikvæðum raun-stýrivöxtum í mörg ár? | [Hugleiðing um raun-stýrivexti](#)

Fimmtudagur 26. nóvember 2009

Ennþá er ekkert að marka það sem viðskiptabankarnir segja: Seðlabanki

Þýskalands varar við miklum afskriftum á lánum sem eiga eftir að fara fram í bankakerfis Þýskalands og fleiri landa. Þýskir bankar eiga eftir miklar óframkvæmdar afskriftir á lánum í lánabókum sínum. Sama er að segja um bankakerfi hinnar víðu veraldar. Allt í allt eiga bankar í heiminum eftir að afskrifa um 1700 miljarða dollara af lánum. Hingað til hafa bankarnir aðeins fengist til að viðurkenna rotnun um helmings þeirra 3500 miljarða dollara af töpuðu fé sem kraumar í bókum bankakerfa heimsins. Í Þýskalandi er um að ræða 135 miljarða dollara sem þurfa að koma til afskrifta á næsta ári. "Það er öruggt að mikil prófraun bíður ennþá bankakerfa Þýskalands" segir seðlabankinn. Ástandið er enn verra í Evrópu en í Bandaríkjunum því falin töp í bókum bankakerfis Evrópu eru ennþá meiri og stærri en í Bandaríkjunum.

Þessi skýrsla þýska seðlabankans kemur rétt á eftir að þýska ríkið neyddist til að skjóta meiri peningum (4 miljörðum evra) inn í *Landesbank West* sem er þriðji stærsti fylkisbanki Þýskalands og í eigu hins opinbera. *Commerzbank*, *HSH Nordbank*, og *Bayern Landesbank* eru allir í miklum vandræðum. Í Þýskalandi eru það bankar í eigu hins opinbera sem hafa stundað mest óábyrga hegðun og lélega starfsemi undanfarin ár. Sem afleiðing, segir Hans Redeker hjá franska BNP Paribas bankanum, er gengi evrunnar alltaf að hækka og hækka því bankakerfi evrusvæðis eru stanslaust að selja eignir sínar úti í heimi til þess að losa peninga sem svo eru dregnir heim aftur til að stoppa þeim í götin á hriplekum bankakerfunum heima á evrusvæðinu.

Í þar síðstu viku sagði danski greinandinn Thorleif Jackson hjá Dansk Aktionærforening, Nordnet og Capinordic Capital að afskriftir lána (tap á útlánum) hjá t.d. Danske Bank geti orðið um 200 miljarðar danskar krónur (4800 miljarðar ISK). "Þeir allra svartsýnustu bankar í Danmörku eru ennþá allt of bjartsýnir", segir Thorleif Jackson. Það eru engar líkur á að við höfum séð toppinn á afskriftum vegna taps á útlánum bankanna núna. Ef við horfum til síðustu kreppu þá náðu afskriftir og töp fyrst hámarki á fimmta ári kreppunnar hjá Danske Bank og á sjötta ári hjá Jyske Bank. Þar á eftir héldu afskriftir bankanna áfram í mörg ár í viðbót; [Telegraph](#) | [vika 46 2009](#)

Mín skoðun: ég er sammála Thorleif og hef á tilfinningunni - miðað við síðustu kreppur hér, bæði í bankageiranum og í hinum grunnleggjandi efnahag (*e. the real economy*) - að þetta sé svipað og hlutföll borgarísjakans. Við erum núna búin að sjá ca. 1/12 af þeim skemmdum sem verða á grunnhagkerfinu og þá rotnun sem mun verða í eignasöfnum banka og fjármálastofnana. Þetta mun svo þokast sem dalalæða inn í lánasöfn bankanna og smá saman enda sem svart þokubúr. Þetta mun einnig verða reyndin með eignirnar í þrotabúi Landsbankans erlendis. Þær verða ekki svipur hjá sjón eftir nokkur ár.

Miðvikudagur 25. nóvember 2009

Beinir Brussel skattar: Yfirmaður framkvæmdanefndar Evrópusambandsins, Jose Manuel Barroso, lofar að skoða hugmyndir hins nýja forseta Evrópusambandsins, Hermans Van Rompuy, um að innleiða ætti beina ESB-skatta í 27 löndum sambandsins. Beina skatta sem Brussel innheimtir í stað ríkisvaldsins í hverju landi fyrir sig: "*við þurfum að skoða öll auðæfi Evrópusambandsins - við þurfum að skoða hvernig*

Evrópusambandið [Brussel] getur fundið skilvirkari leiðir til að fjármagna stefnu þess og einfaldari leiðir til að koma henni áfram til skila ásamt að tryggja háþróun og heilbrigða stjórnun fjármála"; [AFP](#) | tengt: [vika 46 2009](#)

Prettandi (!) mánuður samdráttar í útflutningi frá Japan var tilkynntur í nótt. Enn minnkar útflutningur japanska hagkerfisins. Sumir eru þó ánægðir með að minnkunin varð sú minnsta síðastliðna 13 mánuði og túlka það sem merki um að efnahagur heimsins sé að taka við sér. Að eftirspurn frá umheiminum sé að taka við sér. Aðrir eru vonsviknir og benda á að Japan heldur áfram að missa tekjur. Bara í október mánuði voru útflutningstekjur Japans 60 miljörðum Bandaríkjadala minni en á sama tíma á síðasta ári. En það sem er þó raunverulegt áhyggjuefni er að á sama tíma í fyrra hafði útflutningur þegar fallið um meira en 10% frá því í september 2008. Núna eru menn því farnir að bera saman fallnar tölur við ennþá meira fallnar tölur. Því væri ekki úr vegi að hafa lengri sjóndeildarhring í huga en bara "á sama tíma á síðasta ári" (t.d. frá upphafi kreppu til enda kreppu; e. *peak to through*); [Børsen](#)

Þriðjudagur 24. nóvember 2009

Stærsta verkfall síðastliðin 30 ár á Írlandi mun hefjast í dag. Það eru 250.000 opinberir írskir starfsmenn sem ætla að fara í sólarhringsverkfall. Þar á meðal eru kennarar, hjúkrunarfólk og starfsmenn skattheimtu Írlands. Þeir eru að mótmæla niðurskurði í opinbera geiranum og launalækkunum. Írlandi vantar að brúa mikið tekjufall á næstu árum. Tekjufallið er svo stórt að það vantar um 14% af landsframleiðslu Írlands til að brúa það. Skattatekjur ríkisins hafa farið hratt fallandi því atvinnuleysi er þarna svo mikið vegna þess að landsframleiðsla Írlands hefur dregist svo mikið saman. Því hefur lánstraust írska ríkisins verið lækkað mikið því greiðslugeta þess er mun minni þar sem skattatekjur þess fara þverrandi. Þetta virkar svo þannig að írski ríkið þarf að greiða miklu hærrí vexti á lánum sem það tekur til að reyna brúa tekjumissinn. Það þarf að borga hærrí vexti því það er lélegri pappír núna. Greiðslugeta ríkisins er að þorna upp í takt við fallandi skattatekjur og stóráukna skuldabyrði; [Bloomberg](#)

Mánudagur 23. nóvember 2009

Um helmingur stórra erlendra fyrirtækja íhuga, ætla eða eru að flytja starfsemi og fjárfestingar frá Danmörku. Þetta segir rannsókn frá *American Chamber of Commerce* í Danmörku. Innan vébanda samtakanna eru 300 stór bandarísk fyrirtæki með dótturfélög í Danmörku og svo einnig dönsk fyrirtæki með framleiðslu, sölu eða útbú í Bandaríkjunum.

98 forstjórar fyrirtækja sem veita um 100.000 manns atvinnu í Danmörku voru með í þessari könnun og 50,5% þeirra segjast vera að hugsa um að flytja frá Danmörku, eða séu í gangi með flutning, þ.e. eru að flytja fjárfestingar og atvinnutækifæri frá landinu. Það eru mest lyfja, tölvu, hugbúnaðar, líftækni- og þjónustufyrirtæki sem um er að ræða.

Helstu ástæðurnar fyrir því að fyrirtækin vilja flytja frá Danmörku eru tengdar dýrtíð. Efst á blaði eru háir skattar, háir skattar, háir skattar og hár launakostnaður sem nú er orðinn einn sá hæsti í heiminum. Einnig er kvartað yfir því að erfitt sé að fá gögn og skjöl á ensku frá hinu opinbera í Danmörku, svo dæmi sé nefnt. Ómögulegt er að laða að hámenntað og hæft fólk erlendis frá, því skattar séu svo háir. Danmörk er því - í stuttu máli - ekki samkeppnishæft lengur.

Mín skoðun; hvað er málið? Er eitthvað að? Eru verkfærin biluð hér í Danmörku? Af hverju er gengi dönsku krónunnar ekki bara lagað að þeirri einföldu staðreynd að Danmörk er búin að verðleggja sig út af landakorti samkeppnishæfninnar með því að vera fastbundið við evruna? Nýtt, betra og samkeppnishæfara gengi gæti lagfært mikið hér í Danmörku. En það er auðvitað ekki hægt. Það er ekkert gengi til í Danmörku lengur. Lítið er hægt að gera hér. Ekki er heldur hægt að gera sjálfstæða gagnkvæma viðskiptasamninga við lönd utan myntbandalagsins. Þar er í höndum Brussel. Lítið annað er hægt að gera en að horfa aðgerðarlaus á eins og gert er í Finnlandi núna. Gengið er frosið fast við myntbandalag Evrópusambandsins og hefur verið það frá árinu 1985 hér í Danmörku. Gegni evrunnar er allt of hátt. Áhorfendastúka aðgerðarleysisins fer bráðum að verða full: Danmörk, Írland, Spánn, Finnland, Portúgal, Ítalía, Grikkland

Samkvæmt verðlagskönnun hagstofu ESB er Danmörk að mörgu leyti orðið dýrsta land í ESB ásamt Írlandi og Finnlandi. Hér er átt við samanburð innbyrðis á milli landa ESB og EES. Þessi þrjú lönd eru orðin dýrari en Ísland og verða ennþá dýrari samkvæmt þessari könnun þegar hún kemur út aftur á næsta ári, því fyrst þá munu samkeppnisbætandi áhrif gengisfellingar íslensku krónunnar sjást að fullu.

Furðulega fáir hugsa út í að það eru ekki bara neytendur sem sækjast eftir hagstæðu verðlagi. Það gera fyrirtækin nefnilega líka. Þau vilja fá ódýrara vinnuafli, ódýrari leigu, lægri kostnað og lægri skatta á launum, orku, flutningum, hagnaði og umsvifum. Ef hægt er að keppa á þessum kostnaðar- og útgjaldapáttum fyrirtækjanna er mun líklegra að þau leggi leiðir og fjárfestingar sínar til landa sem bjóða "betri kjör". | [Børsen](#)

SKJALASAFN STUTTRA OG OFT DAGLEGRA FRÉTTA

<http://www.tilveraniesb.net/stuttar-vikufrettir>